

Birtist í Morgunblaðinu, 23. maí 1998.

Um ánauð tækniframfara eftir Jón Steinsson

Allt frá upphafi iðnbyltingar hafa menn haft áhyggur af því að tækniframfarir leiði til atvinnuleysis og lágra launa þar sem vélarafli sé í auknu mæli notað í stað vinnuafis. Það var Robert Owen, upphafsmaður sósíalísma, sem fyrstur ritaði um þetta vandamál í upphafi 19. aldar og varð þetta síðar kjarninn í hagfræði Marx. Óhætt er að segja að þessar hugmyndir séu einhverjar lífseigustu og skaðvænlegustu ranghugmyndir um hagfræði seinni tíma. Þó svo að sýnt hafi verið fram á hið gagnstæði ótal sinnum bæði fyrir og eftir að Owen og Marx skrifuðu sín höfuðrit þá virðist enn gæta almenns misskilnings hvað þetta varðar. Og því reynist þeim stjórnmálaöflum sem það hentar hverju sinni enn auðvelt að sannfæra stóran hluta kjósenda um hættuna sem stafar af þessu uppgerða fyrirbæri sem ég ætla að kalla ánauð tækniframfara.

Talsmenn þessara þunglyndislegu hugmynda rökstyðja mál sitt oft á eftirfarandi veg: “Við tækniframfarir s.s þær sem urðu í Bretlandi á 19. öld kemur ódýrt vélarafli í stað vinnuafis. Snemma á 19. öld gátu til dæmis vélar sem nýttu sér vinnuafli 2500 manna framleitt meira en allir íbúar Skotlands hefðu getað með þeirri tækniþekkingu sem menn réðu yfir fimmtíu árum áður. Þegar vélar af þessu tagi eru teknar í notkun í auknum mæli koma þær í stað verkafólks sem þá verður atvinnulaust. Og þeir sem halda vinnunni verða að keppa við ódýrt vélarafli og sjá því laun sín lækka. Þannig hreppa tækniframfarir verkafólk í ánauð með atvinnuleysi og lágum launum.” Málflutningur á þessu nótum hefur heyrst þúsundum sinnum víðs vegar um heim og hljómar vissulega sannfærandi í fyrstu en reynist byggður á fölskum forsendum.

Gary Becker var spurður að því skömmu eftir að hann hlaut Nóbelsverðlaun í hagfræði árið 1992 hvernig hann hygðist fara að því að eyða verðlaunafénu, rúmri milljón Bandaríkjadala. Becker bennti á að hagfræðin hefði nú svar við því. Það er nefnilega svo, sagði hann, að þarfir taka ávalt mið af þeim tækifærum sem hver og einn stendur frammi fyrir hverju sinni. Skýrir það af hverju neytendur í efnum löndum finnst þörfum sínum ekki vera fullnægt frekar en þeir sem fátækari eru.

Grundvallarskyssan sem þeir sem aðhyllast ánauð tækniframfara gera sig seka um er að átta sig ekki á afleiðingum þess að þarfir okkar aukast í samræmi við þau tækifæri sem við stöndum frammi fyrir. Þessi óseðjanleiki mannkyns veldur því að þjóðfélagið hefur alltaf not fyrir vinnuafli. Þannig er alltaf eitthvað sem þjóðfélagið hefði áhuga á að gera en hefur ekki tækifæri til þar sem allt vinnuafli þess er bundið við framleiðslu nauðsynlegri lífgæða. Tækniframfarir eru einmitt það sem gerir þjóðfélaginu kleift að nota minna vinnuafli við framleiðslu nauðsynja og opnar því ný tækifæri til aukinna lífsgæða.

Hugmyndin um ánauð tækniframfara er oft notuð til að rökstyðja kröfu hagsmunahópa í samfélaginu um sérstaka ríkisvernd til handa ákveðnum atvinnugreinum eða fyrirtækjum. Hagsmunagætendurnir halda því fram að án ríkisverndar gætu skjólstæðingar þeirra ekki staðist samkeppni við tæknilega þróaðari einingar í hagkerfinu og myndu því verða undir.

Svo mikið er áreiðanlega rétt. En þeir halda hins vegar áfram og segja að þetta leiði þá til atvinnuleysis og erfiðis fyrir fólk í landinu. Hér koma þeir hins vegar upp um skilningarleysi sitt á verkfærum nútíma hagkerfis sem, ef notuð skynsamlega, leiða til þess að svigrúm til sköpunar nýrra atvinnutækifæra í stað þeirra sem tapast við gjaldþrot og aðrar skipulegsbreytingar er ávallt nógu mikið til að eyða atvinnuleysi sem hlýst af slíkum skipulagsbreytingum. Að segja að tækniframfarir séu orsökina að atvinnuleysi er eins og að segja að matur sé orsök þess að fólk borðar yfir sig. Tækniframfarir eru þvert á móti uppspretta aukinna lífsgæða. Atvinnuleysi er ekki óhjákvæmileg afleiðing tækniframfara heldur afleiðing þess að uppbygging hagkerfisins er ekki nógu hagkvæm til að skapa skilyrði fyrir nýjum atvinnutækifærum þegar þörfin fyrir vinnuafli minnkar í undirstöðu atvinnugreinunum.

Nú er vissulega rétt að það er margt sem getur komið í veg fyrir að þeir sem missa vinnuna á einum stað í hagkerfinu geti fundið sér vinnu annars staðar. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að slíkt millibilsástand er erfitt fyrir þá sem í því lenda hverju sinni. En til að geta notið ávaxtanna af þeirri framþróun sem á sér stað í hagkerfinu verðum við að setta okkur við að taka á okkur óhjákvæmileg tímabúningi óþægindi sem framþróunin hefur í för með sér. Við stöndum því frammi fyrir vali um að búa í hagkerfi þar sem einingar sem ekki standast samkeppni er leyft að verða gjaldþrota til að ryðja fyrir hagkvæmari einingum; eða í hagkerfi sem ekki hefur slíkan aðhaldsventil en býr við stöðuga hnignun þar sem engir velgengnishvatar eru fyrir hendi.

Verkfærin sem stjórnvöld geta nýtt sér til að hlutirnir gangi greiðlega í nútímahagkerfi eru orðin það flókin að erfitt er fyrir leikmann að skilja þau til hlýtar og því reynist auðvelt fyrir andstæðinga góðrar hagfræði að sannfæra kjósendur um patent lausir sínar. Ég er til dæmis nokkuð viss um að enginn stjórnmalamaður myndi treysta sér til að útskýra peningamálastefnu Seðlabankans fyrir almenningi í einnar mínútu sjónvarpsviðtali þó svo að flestir þeirra geri sér (vonandi) grein fyrir því að hún er einn af hornsteinum efnahagskerfisins.

Þær breytingar sem átt hafa sér stað á Íslandi á þessum áratug s.s. verðstöðugleiki, frelsi á fjármálamarkaði og afnám ríkisstyrkja til fyrirtækja í ýmsu formi eru allt stór skref í rétta átt. Enn leynist þó sum staðar gamaldags málflutningur sem varast þarf til að hagkerfið haldi áfram að vaxa og dafna.